

Sp.

715. Tillaga til þingsályktunar

[335. mál]

um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

(Lögð fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

Með vísun til laga nr. 70 frá 17. maí 1982, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, ályktar Alþingi að veita ríkisstjórninni heimild til að taka ákvörðun um að reisa og reka kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð, og leita samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild.

Greinargerð.

Hinn 5. apríl s.l. barst iðnaðarráðherra svohljóðandi bréf frá stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf.:

„Stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. sendi iðnaðarráðherra í janúar 1983 skýrslu um starfsemi félagsins og þær athuganir, sem hún hafði þá gert samkvæmt fyrirmælum í lögum nr. 70/1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Niðurstöður þeirrar skýrslu voru eftirfarandi:

„Stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. telur, á grundvelli þessarar skýrslu, að:

- kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði geti verið vænlegur kostur í innlendri orkunýtingu,
- stefna eigi að gangsetningu verksmiðjunnar á árunum 1986—1988, en allan undirbúning á næstunni beri að miða við það, að fyrsti ofn hennar taki til starfa 1986,
- ákvörðun um tímasetningu innan framangreindra marka skuli tekin af stjórn félagsins á grundvelli upplýsinga um þróun markaðsmála og með hliðsjón af almennri þróun efnahagsmála í heiminum,
- auka þurfi hlutafé félagsins,
- verð raforku til Kísilmálmvinnslunnar hf. skuli vera sambærilegt og til hliðstæðra fyrirtækja,
- vinna eigi markvisst að því á næstunni að fá til samstarfs við íslenska ríkið aðra eignaraðila, innlenda og erlenda.“

Eins og ráðuneytinu er kunnugt um hefur stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. unnið að frekari undirbúningi og athugunum vegna þessa máls, og vísast í því efni m.a. til bréfa og greinargerða, dags. 24. maí, 1. júní og 25. nóvember 1983.

Forhönnun verksmiðjunnar er nú lokið og nýir stofnkostnaðarútreikningar liggja fyrir, sbr. meðfylgjandi skýrslu (Basic Engineering Report). Einnig liggja fyrir nýjar verðspár, og hefur stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. því gert nýja arðsemisreikninga, sem sendir eru ráðuneytinu með bréfi þessu.

Á grundvelli fyrirbyggjandi verðspár staðfesta hinir nýju útreikningar, að kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði geti verið vænlegur orkunýtingarkostur. Reiknuð arðsemi verksmiðjunnar er nú meiri en áður var talið, og er meginskýring þess sú, að áætlaður stofnkostnaður hefur lækkað sem og ýmsir rekstrarliðir.

Stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. telur eðlilegt, að yfirstandandi eignaraðildarkönnun og pólitískum ákvörðunum um framtíð fyrirtækisins verði hraðað eftir föngum enda er áframhaldandi óvissa um málið kostnaðarsöm og getur haft óheppileg áhrif á atvinnulíf á Austurlandi.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar
Geir H. Haarde, formaður (sign)
Geir A. Gunnlaugsson, framkv.stj. (sign)“

Á vegum Stóriðjunefndar og með þátttöku fulltrúa úr stjórn Kísilmálmvinnslunnar hf. hefur málið verið kynnt undir forystu Birgis Ísl. Gunnarssonar, alþingismanns, formanns nefndarinnar, fyrir erlendum stóriðjufyrirtækjum.

Án þess að nokkuð teljist öruggt á þessu stigi máls, má fullyrða, að vaxandi áhugi er fyrir aðild að slíku fyrirtæki.

Það er og mat þeirra, sem að þeirri kynningu hafa staðið, að ákvörðun eins og sú, sem felst í þessari þingsályktunartillögu, muni auka líkur þess, að árangur náist í viðræðum við hugsanlega sameignaraðila.

Með vísun til þessa og álits stjórnar Kísilmálmvinnslunnar hf. þykir nú rétt að óska eftir heimild Alþingis til handa ríkisstjórninni að taka ákvörðun um að reisa og reka slíka verksmiðju og leita samvinnu út fyrir landssteina.